

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122/1708
komudagur 3.4.198

Reykjavík 1. apríl 1998.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, 189. mál.

Í 1. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir rýmkun á rétti smábáta frá því sem nú gildir. Sjómannasamband Íslands telur engin rök fyrir slíkri rýmkun. Í 2. grein er gert ráð fyrir sérstökum réttindum fyrir þá sem stundað hafa sjómennsku í 20 ár samtals. Bent skal á að ef færa á einhverjum hópi aukinn rétt frá því sem er í gildandi kerfi þarf að taka samsvarandi rétt af öðrum. Sjómannasamband Íslands getur ekki stutt slíkar tilfærslur. Önnur atriði frumvarpsins eru þess eðlis að Sjómannasamband Íslands hafnar frumvarpinu í heild sinni.

Efni: Frumvarp til laga um afnám laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, 236. mál.

Sjómannasamband Íslands tekur ekki undir frumvarpið og sér ekki tilganginn með því að setja í lög að lögin falli úr gildi árið 2002.


Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, 263. mál.

Sjómannasamband Íslands telur margt í frumvarpinu þess vert að skoða nánar. Þar sem Alþingi hefur nýverið samþykkt lög um Kvótaþing telur Sjómannasamband Íslands ekki rétt að mæla með ýmsum þeim breytingum í frumvarpinu sem gætu verið til bóta. Sjómannasamband Íslands styður því ekki frumvarpið að svo stöddu.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, og breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, 487. mál.

Sjómannasamband Íslands tekur ekki undir þau sjónarmið er fram koma í frumvarpinu. Í a lið 2. greinar er lagt til að afli sem seldur er til vinnslu innanlands verði niðurgreiddur á þann veg að hann teljist ekki allur til kvóta. Sjómannasamband Íslands tekur ekki undir slík sjónarmið. Í b lið 2. greinar er gert ráð fyrir að lagt verði álag á afurðir frystiskipa þegar aflinn er metinn til kvóta. Sjómannasamband Íslands hafnar þeirri hugmynd. Telji menn að þær reiknireglur standist ekki, sem notaðar eru við að umreikna afurðir frystiskipa til afla upp úr sjó, er eðlilegra að þær reiknireglur séu endurskoðaðar frekar en að tekið sé upp áлага og umbunarkerfi í lögnum um stjórn fiskveiða. Sjómannasamband Íslands getur á engan hátt tekið undir 3. grein frumvarpsins og hafnar því frumvarpinu alfarið í heild sinni.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson